



Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. apríl 2015.
Tilvísun: 201502-0028

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um eflingu virkniúrræða fyrir atvinnuleitendur, 122. mál

Alþýðusambandi Íslands hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um eflingu virkniúrræða fyrir atvinnuleitendur, 122. mál.

Eins og fram kemur í greinargerð með þingsályktunartillögunni er ennþá umtalsvert atvinnuleysi hér á landi. Þannig var atvinnuleysi í febrúarmánuði sl. 4,6% samkvæmt gögnum Hagstofunnar sem þýðir að um 8.600 einstaklingar voru án vinnu og í atvinnuleit. Þessi niðurstaða er með öllu óásættanleg bæði fyrir þá einstaklinga sem eiga í hlut og samfélagið allt.

Í greinargerðinni er vísað til samstarfs stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins á síðustu árum við að takast á við samdrátt og atvinnuleysi sem hér varð í kjölfar hrunsins. Samstarf sem skilaði miklum árangri og sýndi að með samvinnu þeirra sem málið varðar og samhentu átaki má ná miklum árangri, þar sem byggt er á markvissum og einstaklingsmiðuðum virkniúrræðum. Hér má nefna samstarfverkefnið með yfirskriftinni „Ungt fólk til athafna“, „POR“, „Vinnandi vegur“, „Nám er vinnandi vegur“ og „Liðsstyrkur“, sem hvert með sínum hætti skiluðu miklum árangri og mikilvægum lærdómi. Tekið er undir með tillöguhöfundum að mikilvægt er að byggja frekar á þeim grunni sem lagður hefur verið í baráttunni við atvinnuleysið og kalla til þá aðila sem hafa hagsmuna að gæta og gleggst þekkja til málanna.

Í ljósi þess sem að framan segir leggur Alþýðusamband Íslands til að þingsályktunin verði samþykkt.

Virðingarfyllst,
F.h. Alþýðusambands Íslands

Halldór Grönvold,
aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ